12. Fiskkaupin. Smásaga af Thorgrímsen, verzlunarstjóra á Eyrarbakka.

1 1/2 blað qto.

Eins og svo oft áður hafði langur tími liðið frá því róið var í sjó á Eyrarbakka og Stokkseyri, eða ekki síðan löngu fyrir Jól og þangað til róið var fram undir Þorra; menn höfðu því ekki bragðað nýjan fisk allan þennan tíma.

Nú brá til norðanáttar og fóru menn því í maðkasand og beittu lóðir sínar. Daginn eftir braust Ásgrímur í Uedrimi út í harðviðrisnorðan-roki og grimdarfrosti, en fékk ekki nema einn stútung á skip, á að giska 5–6 pund að þyngd. Ásgrímur lenti báti sínum vestur við „Hermannsgat", og batt hann þar, þangað til Skúmsstaðaós var fær til flots, en fiskinum hélt hann á í hendi sinni lengra á land upp. Hann var vitanlega í vandræðum með að skifta aflanum meðal svo margra.

Á leiðinni upp frá bátnum varð einn af hásetum Ásgríms, Jóhann Gíslason, einna fyrstur til að hitta menn að máli og segja frá aflabrögðunum, sem marga fýsti að vita hver væri. Var það Guðmundur gamli Thorgrimsen, sem Jóhann mætti, og sagði hann honum, að Ásgrímur væri rétt á eftir sér með allan aflann í annari hendinni. Thorgrimsen beið nú eftir Ásgrími og spurði hann, hve mikið hann ætti að borga honum fyrir fiskinn, enda mundi hann ekki geta skift honum meðal hásetanna, svo vel færi. Ásgrímur kvað nóg, ef Thorgrimsen gæfi þeim sína tóbaks-tugguna hverjum.

Thorgrimsen bað nú Ásgrím að halda á fiskinum heim til sín (Th.) og koma svo inn í búð og finna sig þar.

En er þangað kom, fékk Thorgrimsen Ásgrími sitt pundið

af hvoru, kringlum og skonroki, heilt rúgbrauð og hálft pund af munntóbaki og bað hann skifta þessu milli hásetanna; en þeir voru 6, auk formannsins. Rúgbrauðið vóg 6 pund og hefir því aflinn sennilega „lagt sig“: 4 kr. eftir verði því, sem á þessum vörum var á þeim tímum (nál. 1885).

Þetta mundi þykja dýr fiskkaup nú á tímum, ef pundið í stútungi kostaði nál. 70 aurum, en Thorgrimsen hefir sennilega hugsað sem svo, að „deyr engi sá, er dýrt kaupir“.